

Fé sjóðsins skal ávaxta í banka með ríkisábyrgð, eða í fulltryggðum verðbréfum og öðrum eignum, er sjóðsstjórnin metur jafn öruggar.

5. gr.

Eigi má byrja að veita styrk úr sjóðnum fyrr en höfuðstóll hans er orðinn þrjú hundruð þúsund krónur. Má ekki veita úr sjóðnum meira fé árlega, en sem nemur  $\frac{1}{4}$  árlegra tekna hans, samkvæmt 4. grein.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum: skólameistara Menntaskólans á Akureyri, er jafnframt sé formaður sjóðsstjórnar, aðal-náttúrufræðikennara skólans og manni, er afkomendur Stefáns skólameistara tilnefna til þriggja ára. Dragist, af einhverjum ástæðum, að tilnefna nýjan stjórnarmann í stað þess er úr stjórn á að ganga, skal hann gegna stjórnarstörfum áfram, þar til afkomendur Stefáns skólameistara hafa, með bréfi til formanns sjóðsstjórnar, tilnefnt nýjan mann í hans stað.

Stjórnin vinnur starf sitt kauplaust.

7. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af sömu mönnum og aðrir sjóðs-reikningar Menntaskólans á Akureyri og birtir í hinni árlegu skólaskýrslu.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Fyrir hönd stofnendanna,

Frey móður Jóhannsson.      Ingólfur Þorvaldsson.      Guðm. Jóhannesson.

## S A M Þ Y K K T

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Vestmannaeyjar, nr. 41 31. marz 1928.

1. gr.

Í stað „18 kílómetrar“ í 49. gr. komi: 35 kílómetrar.

Aftan við 49. gr. komi nýtt ákvæði, svo hljóðandi: Stöðva má ökutæki allt að 5 metra frá götuhorni innanbæjar, miðað við húslínu.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890 sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lög-reglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 17. maí 1966.*

Jóhann Hafstein.

*Ólafur W. Stefánsson.*